

Kettir heilags Nikulásar¹

Allt um það syngur mér innst í barmi
einráður grunur, án lýrustrengs,
dapran harmaslag hefninornar,
horfinn líknandi von.
(Agamemnon, 990 o. áf.²)

„Mér sýnist að þetta sé skaginn þar sem kettirnir voru ...“ sagði
kaftéinninn við mig

og benti á lága strandlengju úti í mistrinu.

Það var jóladagur og enginn á ferli við sjóinn,

„... og þarna lengra í vestri fæddist Afródíta í öldum hafsins;
staðurinn er kallaður Rómverjaklettur.³

Hart í bak!“

Hún hafði augun hennar Salóme, læðan sem ég missti í fyrra
og Ramazan, hvernig hann starði á dauðann án þess að hvika,
heila daga í snjónum í Anatólíu

í frosti og sól,

heila daga án þess að hvika, aringuðinn smái.⁴

Ferðalangur, ekki staðnæmast.⁵

„Hart í bak“ muldraði stýrimaðurinn.

1 Þýtt úr grísku eftir útgáfu á vefsíðunni https://www.greek-language.gr/digitalResources/literature/tools/concordance/browse.html?cnd_id=1&text_id=3188

2 Tilvitnunin er úr leikritinu Agamemnon eftir Æskílos, hér í þýðingu Helga Hálfðanarsonar (1990, 34).

3 Þessi staður, sem heitir Petra tú Romíu (Πέτρα του Ρομιού) á grísku, er á suðvesturströnd Kýpur. Nafnið vísar til Grikkja ekki síður en þess fólks sem við köllum Rómverja því grískumælandi íbúar í Miklagarðsríkinu og síðar í ríki Ottómana kölluðu sjálfa sig Rómverja (Ρομιοί).

4 Hér minnst Seferis katta sem hann átti tveimur áratugum áður en hann orti ljóðið, högnans Ramazan sem dó í Ankara í Tyrklandi í október 1949 og læðunnar Túti sem dó ári fyrr. Seferis átti heimili í Ankara meðan hann var sendiherra Grikklands í Tyrklandi (Beaton 2003, 283).

5 Þessi lína vísar í eftirmæli sem Seferis orti þegar læðan Túti dó.

... vinur minn sem hefur ekki lengur fast skiprúm
gæti hætt þessu flakki,
haldið sig inni í litlu húsi með innrömmuðum myndum
og leitað að gluggum að baki þeim.
Skipsklukkan sló
eins og hent væri smámynt úr ríki sem leið undir lok
og minnti á ölmusur horfinna tíma.

„Undarlegt“, tók kaffeinninn aftur til máls.
„Þessi klukka – kannski vegna þess hvaða dagur er í dag –
hún minnir mig á aðra, sem var í klaustrinu.
Það var munkur sem sagði mér frá henni,
hálfgalinn draumóramaður.

Þegar þurrkarnir miklu voru
– fjörutíu ár og ekki dropi úr lofti –
lagðist af byggð hér á eyggi;
fólkið dó og jörðin ól snáka.
Á þessum skaga voru þeir milljónum saman,
digrir sem mannsfætur
og eitradir.
Nikulásarklaustrið var þá í umsjá
munka frá sankti Basil
og þeir gátu hvorki erjað ræktarlöndin
né haldið hjörðum til beitar;
kisurnar sem þeir fóðruðu urðu þeim til bjargar.
Í hvert sinn sem morgunn reis sló klukkan
og liðið hélt til orrustu.
Þær börðust allan daginn þar til sú stund kom
að hún kallaði til kvöldverðar.
Eftir mat sló klukkan aftur
og þær gengu út og börðust næturlangt.
Það var sjón að sjá þær, menn létu þess getið,
sumar haltar, sumar blindar,
vantaði trýni, vantaði eyra, feldurinn tættur.
Fjögur klukkuslög á dag og þannig leið tíminn,
mánudir, ár.

Ævinlega meiddar og sárar en fullar af hamslausri þrjósku
 útrýmdu þær snákunum og að lokum
 hurfu þær sjálfar; þöldu ekki svo mikið eitur.
 Eins og sokkið skip
 sem skilur ekki eftir nein ummerki á sjónum
 hvorki mjálm né hljóm í klukku.
 Tökum strikið!

Hvað gátu þær gert þessir ræflar
 sem börðust og drukku daga og nætur
 eitrað blóðið úr skriðkvikindunum.
 Árhundruð af eitri; kynslóðir af eitri.“
 „Tökum strikið“ endurtók stýrimaður og lét sér fátt um finnast.

Miðvikudagur, 5. febrúar 1969

Atli Harðarson þýddi úr grísku